



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og heilbrigðisstofa

Flóra Elliðaárdals Uppruni og útbreiðsla tegunda

Höfundur:

Jóhann Pálsson



Flóra Elliðaárdals

Uppruni og útbreiðsla tegunda

Höfundur:
Jóhann Pálsson

Efnisyfirlit

3	Inngangur.
4	Ástand gróðurs í byrjun 21. aldar.
5	1. mynd. Örnefni á athugunarsvæðinu.
6	Eldri athuganir á Flóru Elliðaárdals.
6	Umfang og aðferðir.
7	2. mynd. Afmörkun tíu landsvæða sem athugunarsvæðinu var skipt niður í.
8	Uppruni flórunnar og fjöldi tegunda.
9	Blásteinshólmi.
10	3. mynd. Uppruni tegunda í Elliðaárdal og Blásteinshólma.
11	Lokaorð.
11	Þakkir.
12	Flóra Elliðaárdals.
41	Heimildir.
43	Latnesk nafnaskrá.
47	Íslensk nafnaskrá.
51	1. viðauki. Útbreiðsla tegunda á athugunarsvæðinu.

Inngangur

Elliðaárdalur er stærsta útivistarsvæði innan þéttbýlis í Reykjavík. Þar er landslag, gróður og dýralíf fjölbreytt enda er dalurinn fjölsóttur af borgarbúum. Í Elliðaárdal hafa orðið miklar breytingar á gróðurfari allt frá því að síðasta jökulskeiði lauk. Þær helstu sem átt hafa sér stað af náttúruvöldum eru vegna sveiflna í veðurfari, breytinga á sjávarstöðu og þegar hraun rann eftir botni dalsins allt til sjávar⁴. Landnám og búseta í rúmlega þúsund ár höfðu ekki síður afdrifarík áhrif á gróðurfarið. Skógar hurfu og stór svæði urðu örfoka^{17,18}. Búsetubreytingar á 20. öldinni hafa einnig haft mikil áhrif. Í byrjun aldarinnar fór byggð að þéttast í nágrenni Reykjavíkur og í Elliðaárdal var byggður fjöldi smáhúsa, ýmist til sumardvalar eða fastrar búsetu. Var þar sums staðar verið með smávegis búskap sem bættist við þann landbúnað sem rekinn var á jörðunum sem lönd áttu að Elliðaánum. Nýtt land var tekið til ræktunar einkum túnræktar en einnig garð- og trjáræktar í kringum hýbýli manna. Samfara þessu jókst mjög beitarálag á úthaga og mun það hafa verið í hámarki um miðbik aldarinnar. Á árum heimsstyrjaldarinnar síðari voru reist herskálaverfi bæði umhverfis og vestan við Árbæ* og á Víðivöllum þar sem nú er athafnasvæði Hestamannafélagsins Fáks⁴. Fjölmenn íbúðahverfi risu á holtunum beggja megin dalsins á árunum milli 1960 og 1990, en jafnframt hurfu sumarbústaðir og megnið af smáhúsabyggðinni og landbúnaður lagðist af.

Í sambandi við virkjun Elliðaáanna kringum 1920 urðu breytingar á rennsli og farvegi ána. Stífla var gerð í Austurkvíslina skammt ofan við Árbæ 1920, en 1929 var hún stækkuð og nær nú yfir báðar kvíslarnar. Einnig var yfirborð Elliðavatns hækkað með stíflu og hefur áin Bugða ekki runnið í sínum forna farvegi um dalinn eftir það. Grjótnám og malartekja hefur verið víðs vegar í dalnum meðal annars á tveimur stöðum í Breiðholtshvarfi en umfangsmestu svæðin voru neðan við Stekkjarbakka og norðan Ártúns. Nánast allar vesturhlíðar Ártúnshöfðans hafa verið grafnar sundur eða sprengdar og efnið flutt burtu. Norðan Vesturlandsvegarins, hefur verið rekin steypustöð, malbikunarstöð og ýmiss önnur atvinnustarfsemi allt fram á þennan dag. Á sjöunda áratugnum var fyllt upp í mestan hluta leirnanna í Elliðaárvoggi og hefur Austurkvíslin síðan runnið í einskonað stökki á milli fyllinganna.

Í kringum 1950 var hluti af Hólmunum milli Austur- og Vesturkvíslarinnar girtur og hófu starfsmenn Rafmagnsveitu Reykjavíkur þar skógrækt. Lausaganga búfjár lagðist af í dalnum í lok sjöunda áratugarins og næstu áratugina á eftir fékkst Vinnuskóli Reykjavíkur við umfangsmikla skógrækt í umsjá Skógræktarfélags Reykjavíkur. Á árabílinu 1985 – 1990 lagði gatnamálastjóri malbikaða göngustíga um dalinn og lét ganga frá gömlum malar- og grjótnámum í Ártúnshöfða sunnan Vesturlandsvegar, norðan við Stekkjarbakka og í hallanum austan við Suðurfell. Var þá áburði og grasfræblöndu sáð í þau svæði eftir að landmótun var lokið. Frá árinu 1996 hefur Garðyrkjudeild borgarinnar séð um allan gróður í dalnum og unnið að viðhaldi og gerð malarstíga. Auk þess er árlega unnið að grisjun í elstu skógræktarsvæðunum.

* Nokkur örnefni, sem ætla má að almenningi séu ekki kunn en getið er hér í textanum, eru merkt inn á 1. mynd.


Elliðaárdalur var settur á Náttúruminjasrá 1984. Í Aðalskipulagi Reykjavíkur, 1984 – 2004 var sett borgarvernd á útivistarsvæðin í Elliðaárdal². Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996 – 2016 var henni breytt í almenna borgarvernd³ og í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001 – 2024 kemur hverfisvernd, eins og hún er skilgreind í skipulags- og byggingarlögum nr 73 frá 1997, í stað almennrar borgarverndar¹³. Deiliskipulag að dalnum var samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 19. maí 1994¹¹.

Ástand gróðurs í byrjun 21. aldar.

Enda þótt byggðarmynstur Elliðaárdals hafi verið að breytast alla síðastliðna öld tók gróðurfar þar ekki breytingum að marki fyrr en líða tók á öldina. Aukin ræktun hafði sáralítill áhrif út fyrir tún og garða. Það var ekki fyrr en farið var að friða stærri spildur og að lokum allan dalinn fyrir beit og gróðursetja trjáplöntur í miklum mæli að gróðurfar tók að breytast að ráði.

Eftir að beit lagðist af fóru plöntur að ná fullum þroska á sumrin og skiluðu á haustin til jarðarinnar gróðurleifum sem örverur og smádyrafána jarðvegsins gátu brotið niður í moldefni sem eru undirstaða þess að ófrjór úthagajarðvegurinn geti orðið að gróðurmold. Öll gróðurhverfi tóku áberandi breytingum. Gróðurþekja þéttist og varð samfelldari og samkeppnisaðstaða mismunandi tegunda breyttist. Vaxtarskilyrði plantna sem eru viðkvæmar fyrir beit eða þrífast ekki í ófrjóum jarðvegi bötnuðu og höfðu þær meiri möguleika á að keppa við gömlu beitarþolnu úthagaplönturnar. Ýmsar stórvaxnar blómjurtir eru nú orðnar áberandi, einkum svonefndar frumherjategundir, þ.e. tegundir sem setjast að í gróðurlitlu landi og taka þátt í fyrstu stigum gróðurframvindu. Má þar nefna hóffífil sem er víða ríkjandi, einkum þar sem raki er nægur og lúpínu sem hefur víða lagt undir sig mela, flög og manngert landslag. Í niturríkum jarðvegi eru sigurskúfur og skógarkerfill orðnir algengir og vöxtulegar geithvannir, sem áður náðu einungis að blómgast úti í eyjum í Dimmu, getur nú að líta nánast alls staðar umhverfis árnar. Innlandar tegundir, sem ekki voru fyrir í dalnum, eins og hagabruða og burnirót eru farnar að breiðast töluvert út frá ræktun í gördum í nágrenninu, einnig garðamaríustakkur, sem er algeng garðplanta, getur nú talist fyllilega ílendur.

Þar sem trjágróður hefur vaxið upp er orðið skjólsælla og inni í lundunum hefur dregið úr margskonar veðurfarssveiflum. Aftur á móti berst minna ljós niður í skógarsvörðinn svo ýmsar ljóskræfar bersvæðistegundir hafa látið undan síga og þar sem dimmast er, t.d. í þéttum greniskógi, hefur botngróður nánast horfið. Sumar af þeim tegundum sem fyrir voru geta einnig þrífist vel þar sem skógurinn er ekki of dimmur og má nefna sem dæmi hállngresi sem víða er orðin ríkjandi einkum í birkilundum. Skógarbotnstegundir eins og blágresi og hrútaber voru sjaldgæfar í dalnum en hafa nú tekið við sér. Þegar á heildina er litið má segja að mikið skorti á að í dalnum sé næg fjölbreytni tegunda til að mynda þann undirgróður sem hæfir skógarsverðinum. Flestar algengustu trjátegundirnar, sem gróðursettar hafa verið, eru farnar að breiðast út ýmist með fræjum eða rótarsprotum. Fyrst í stað voru það einkum birki, gulvíðir og viðja, en á seinni árum hafa verið að finnast nýgræðingar af a.m.k. níu öðrum trjátegundum. Alaskavíðir, garðarífs, selja, sitkagreni, sitkaölur og stafafura hafa eingöngu fjölgað sér með fræjum. Reyniviður og alaskaösp fjölga sér bæði með fræjum og rótarsprotum en gráölur eingöngu með rótarsprotum, a.m.k. enn sem komið er.



1. mynd: Örnefni á athugunarsvæðinu.

Auk þeirra trjáplantna sem gróðursettar hafa verið á undanförunum árum er í dalnum töluvert af gróðri sem orðið hefur eftir í gömlum yfirgefnum lóðum. Í nágrenni þéttbýlisins hefur víða verið borinn út garðaúrgangur og með honum hefur borist algengur garðagróður. Hversu langlífur sá gróður á eftir að verða mun aðeins tíminn leiða í ljós.

Eldri athuganir á flóru Elliðaárdals.

Í bókinni, Elliðaárdalur - Land og Saga, sem gefin var út af Máli og mynd í samstarfi við Árbæjarsafn og Borgarskipulag Reykjavíkur er birtur flórulesti úr Elliðaárdal. Mun sá listi vera mestmegnis byggður á óbirtum listum Eypórs Einarssonar, grasafraeðings, og annarra, en að takmörkuðu leyti á eigin athugunum höfunda⁴. Á listanum eru 155 tegundir æðplantna (þ.e. blómplantna og byrkinga). Á árunum 1997 til 1999 gerði Náttúrufræðistofnun Íslands úttekt á náttúrufari Elliðaárdals fyrir Borgarskipulag Reykjavíkur og birtust niðurstöðurnar í ritinu Náttúrufar með Sundum í Reykjavík¹⁰. Fór þá fram gróður- og landgreining sem var undirstaða gróðurkorta af dalnum. Eru þessi gróðurkort góð heimild um umfang mismunandi gróðurlenda og til viðmiðunar við breytingar sem verða óhjákvæmilega á þeim við náttúrulega framvindu á komandi árum. Í riti Náttúrufræðistofnunar birtist einnig listi yfir 176 tegundir æðplantna sem fundust í dalnum. Á þessum tveimur listum eru samanlagt 197 tegundir. Sumarið 2001 var könnuð endurgræðsla í farvegi vatnsflóðs sem varð þegar aðveituæð Rafstöðvarinnar við Elliðaár brast í desember 1998. Í flóðfarinu fundust 98 tegundir æðplantna*, þar af átta sem ekki voru á framangreindum listum⁹.


Það er langt í frá að allar æðplöntur sem vaxa í Elliðaárdal komi fram á þessum þremur listum. Einkum vantar mikið af þeim tegundum sem gróðursettar höfðu verið eða borist þangað á annan hátt á undanförunum áratugum. Tímabært var því orðið að skoða flóru dalsins nánar og skrá allar þær tegundir æðplantna sem þar uxu og hvar þær komu helst fyrir. Ennþá var í flestum tilfellum unnt að greina á milli hvaða tegundir voru upprunalegar, hverjum hafði verið sáð, ræktaðar í túnnum og görðum eða gróðursettar í útmörk og hverjar kynnu að hafa borist þangað á annan hátt. Upplýsingar um þetta eru nauðsynlegur grundvöllur þegar fylgst verður með framvindu gróðurfars dalsins á komandi árum og landnámi nýrra tegunda, eða hugsanlega brotthvarfi annarra. Elliðaárdalurinn er í vaxandi mæli notaður til kennslu í náttúrufræðum og lagður hefur verið fræðslustígur þar sem almenningur getur leitað upplýsinga um náttúrufar dalsins. Heildarúttekt á flóru dalsins er því mikilsverð við að gera þann bakgrunn, sem fræðslan byggist á, sem best úr garði.

Umfang og aðferðir

Athugun þessi var gerð sumarið 2002 á tímabilinu frá 25. júní til 6. september og nokkrir staðir skoðaðir nánar sumarið 2003. Til hliðsjónar var höfð forathugun sem höfundur gerði í ágúst 2001 og athugun á landnámi gróðurs á svæði sem raskaðist í flóði sem varð í desember 1998⁹.

Athugunarsvæðið er sýnt á 2. mynd. Nær það yfir þau svæði í Elliðaárdal sem lituð eru mosagræn á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001 – 2024¹³, að undanskildum lóðum Orkuveitu Reykjavíkur, Árbæjarsafns og athafnasvæði Fáks að Víðivöllum. Ekki var heldur athugaður gróður á landfyllingunum milli kvíslanna og vestan Vesturkvíslarinnar. Við reitaskiptingu þá, sem notuð er hjá Náttúrufræðistofnun Íslands til að skrá útbreiðslu plantna, er landinu skipt niður í 10 x 10 km reiti⁵. Samkvæmt því lendir Elliðaárdalurinn allur innan sama reits, sem er nr. 3659 í því kerfi.

* Á þessum lista eru taldar með tvær deilitegundir sem verður að telja vel afmarkaðar grasafraeðilegar einingar (taxa) en þær voru ekki greindar að á hinum listunum.



2. mynd: Afmörkun tíu landsvæða sem athugunarsvæðinu var skipt niður í.

Til að gefa hugmynd um útbreiðslu einstakra tegunda var því svæðinu skipt niður í tíu afmarkaðar landslagseiningar sem merktar eru með rómverskum tölum og mismunandi litum á 2. mynd. Í hverri þeirra voru skráðar allar tegundir æðplantna sem þar fundust. Um það leyti sem athugun þessari lauk hófust framkvæmdir við gerð mislægra gatnamóta á mótum Reykjanesbrautar og Stekkjarbakka og fór hluti af athugunarsvæði VIII undir þær framkvæmdir.

Nokkrar tegundir eru vandgreindar og nokkrar aðrar voru í því ástandi að ekki var unnt að greina þær með vissu. Var þeim ýmist safnað og þær þurrkaðar til nákvæmari greiningar eða teknir voru smá sprotar til ræktunar og greining þeirra síðan endurskoðuð með tilliti til ræktuðu eintakanna. Bergþór Jóhannsson, grasafraeðingur, hefur greint þá undafífla sem safnað var, en upplýsingar um útbreiðslu þeirra er ekki tæmandi. Túnfíflar voru meðhöndlaðir sem ein safntegund en ekki gerð tilraun til að greina þá til smátegunda. Tegundir af ættkvíslunum vinglar, *Festuca*, og sveifgrös, *Poa*, sem grasafraeðingar eru ekki á einu máli um hvort telja beri sjálfstæðar tegundir eða deilitegundir voru skráðar hér sem deilitegundir en taldar upp sem sjálfstæðar grasafraeðilegar einingar. Stórtegundin *Festuca rubra* s.l. hefur ekki verið rannsökuð nægilega hér á landi en hér er talin með formgerð sem fannst í Ártúnshöfða og er ekki óalgeng við strendur Grafarvogs (Jóhann Pálsson óbirt gögn). Kemur þessi formgerð heim við lýsingu á deilitegundinni *F. r.* subsp. *pruinosa* (Hackel) Piper, sem talið er að vaxi hér á landi¹² og mætti nefna hana strandvingul á íslensku. Tvö afbrigði af maríuvendi, *Gentianella campestris* (L.) Börner, vaxa á svæðinu. Það sem er algengara á landinu er blárauðleitt með fjólubláum krónublöðum og smávaxið en hitt afbrigðið er ljósgrænt með nær hvít krónublöð og oftast stórvaxnara. Hefur það verið auðgreint sem f. *hartmanniana* Baenitz í öllum útgáfum Flóru Íslands^{14,15,16} og Íslenskum jurtum¹. Afbrigðin vaxa oftast í aðskildum venslahópum en stundum hvort innan um annað án þess þó að þar komi fyrir plöntur sem séu millistig á milli afbrigðanna. Í Elliðaárdal er að vaxa upp fjöldi sjálfsáinna víðiplantna. Ýmsar þeirra eru hugsanlega bastarðar. Ekki var hirt um að skrá þá sérstaklega, en nánari athugun á þeim er vissulega áhugaverð.

Uppruni flórunnar og fjöldi tegunda

Þær tegundir sem vaxa í Elliðaárdal voru flokkaðar í fimm flokka eftir uppruna. eru það í fyrsta lagi innlendar tegundir sem ætla má að hafi vaxið í dalnum við upphaf 20. aldar, í öðru lagi innlendar aðkomutegundir, þ.e. innlendar tegundir sem hafa borist í dalinn á öldinni sem leið og í þriðja lagi tegundir af erlendum uppruna sem hafa vaxið það lengi hér í óræktuðu landi að þær teljast orðið ílendar. Síðan eru tveir flokkar af ræktuðum tegundum, annars vegar eftirstöðvar, þ.e. plöntur sem standa eftir í gömlum lóðum sem nú eru hluti af útivistarsvæðinu og hins vegar tegundir sem hafa verið gróðursettir í óræktað land, t.d. í sambandi við skógrækt. Að lokum eru svo slæðingar, en það eru framandi tegundir sem hafa borist frá nærliggjandi íbúðabyggð eða slæðst í dalinn á annan hátt, en teljast ekki ílendar.

Sama tegund getur komið fyrir í fleiri en einum flokki, t.d. flokkast birki sem innlend aðkomutegund en kemur einnig fyrir sem eftirstöðvar í aflögðum lóðum, gróðursett í útmörk eða sem sjálfsáð. Meðal fjölda margra annarra má nefna garðarifs, sem er ílent og vex víða í skógarbotni, hraunsprungum og lúpínubreiðum en finnst einnig sem eftirstöðvar í lóðum, og sem slæðingur sem hefur borist út með garðaúrgangi. Í 1. viðauka, sem sýnir útbreiðslu


tegundanna, má sjá til hvaða flokks eða flokka viðkomandi tegund telst í hverjum reit sem hún kemur fyrir í. Aftur á móti, þegar flóra dalsins er flokkuð eftir uppruna, sjá 3. mynd, er hver tegund aðeins sett í einn flokk. Þar eru það innlendu flokkarnir sem hafa forgang, t.d. er birki einungis flokkað sem innlend aðkomutegund. Ílendar tegundir eru flokkaðar sem slíkar þótt þær hafi einnig verið ræktaðar eða hafi slæðst út frá ræktun.

Alls fundust í Elliðaárdal 315 tegundir æðplantna. Af þeim eru 164 eða 52,06 % upprunalegar í dalnum og til viðbótar eru 15 (4,76 %) innlendar aðkomutegundir. Innlendu tegundirnar eru því samtals 179 eða 56,82 %. Þarna vaxa 42 (13,33 %) tegundir sem telja má ílendar og eru því innlendar og ílendar tegundir samtals 221 eða 70,16 % af flóru dalsins. Erlendar tegundir, sem hafa verið gróðursettar annað hvort í tengslum við skógrækt eða eru eftirstöðvar úr gömlum gördum 78 eða 24,76 % af flórunni. Að lokum hafa 16 tegundir borist frá nærliggjandi íbúðabyggð eða slæðst í dalinn á annan hátt og eru þær 5,08 % þeirra æðplöntutegunda sem í dalnum fundust. Hlutfallslegan fjölda tegunda af mismunandi uppruna má sjá á 3. mynd

Blásteinshólmi

Blásteinshólmi er sérstæður í gróðurfari Elliðaárdals. Í hluta hólmanns ásamt bökkum kvíslanna beggja megin eru gróðursamfélög sem ekki eiga sér hliðstæðu hér á landi og þótt víðar væri leitað. Þetta er land sem fór undir vatn eftir að stífla var gerð ofan við Árbæ á árunum 1924 - 1928 og var það á kafi í vatni allt fram til 1960. Eftir það hefur vatninu verið hleypt af svæðinu Breiðholtsmegin í nokkra mánuði á sumrin. Við þessar aðstæður hafa myndast gróðurlendi þar sem fergin, hálmgresi, skriðsóley, tágamura, engjarós ásamt mýra- og blástör eru ríkjandi. Allur þessi gróður ber þess merki að byrja vöxtinn undir vatni, hann er hávaxinn, teygður, með rýra stöðvefi og leggst útaf þegar vatninu er hleypt af. Einkennandi eru einnig víðibrúskar sem vaxa á þessu svæði. eru það einkum gulvíðir og einstaka loðvíðir og dálítið af viðju hefur náð að setjast þar að á seinustu árum.

Blásteinshólmi vísar einnig á annan hátt frá öllum öðrum hlutum dalsins. Þar hefur landi aldrei verið umbylt vegna mannvirkjagerðar og einu mannvirkin eru leifar af varnargarði sem hlaðinn hefur verið úr grjóti einhverntíma snemma á öldinni sem leið. Engar trjáplöntur hafa verið gróðursettar þarna og hvergi eru ummerki um að nokkur rækun hafi átt sér þar stað. Landslag í Blásteinshólma er áþekkt því sem er í Árhólmunum neðar í dalnum og er ekki ólíklegt að á þeim hafi verið svipað umhorfs áður en þeir voru friðaðir fyrir beit og farið var að rækta þar skóg. Þar sem hæst ber á Blásteinshólma er hraun, þakið meira eða minna slitróttum heiðargróðri, en graslendi er í lögðum og mýrlendi þar sem jarðraki er nægur. Gróðurfur hólmanns hefur vafalaust tekið töluverðum framförum eftir að friðun komst á, en framvindan er hæg og enn er mikið af flögum og ógrónu landi. Töluvert af birki og víði hefur sest að, einkum í hálfgrónu landi og með tímanum gæti megnið af hólmanum orðið skógi vaxið en það á langt land. Hvað sem því líður er samanburður á gróðurframvindu í Blásteinshólma við aðra hluta Elliðaárdals áhugavert rannsóknarverkefni.



Í Blásteinsbólma fundust 114 tegundir æðplantna. Af þeim eru 103 innlendar. Tvær þeirra, birki og reynir, uxu ekki í Elliðaárdal í byrjun tuttugustu aldarinnar en auk þeirra fundust í hólmanum 11 ílendar tegundir sem hafa borist út í hólmann á seinustu áratugum. eru það alaskalúpína, alaskavíðir, alaskaösp, garðamaríustakkur, háliðagras, hóffífill, krossfífill, skógarkerfill, vallarfoxgras, viðja og vætudúnurt. Það eru því að minnsta kosti 13 tegundir eða 11,4 % af flóru hólmanum sem hafa numið þar land nýlega. Á 3. mynd má bera saman uppruna þeirra tegunda sem vaxa í Blásteinsbólma og fjölda þeirra tegunda sem fundust hafa í Elliðaárdal öllum.

Lokaorð

Landslag í Elliðaárdal er fjölbreytt og eru þar vaxtarskilyrði fyrir margskonar gróður. Á síðari hluta aldarinnar sem leið urðu gífurlegar breytingar á gróðurfari dalsins þegar beit lagðist þar af og farið var að gróðursetja trjáplöntur og annan framandi gróður í miklum mæli. Enn höfum við ekki séð nema fyrstu skeið þeirrar framvindu sem þar mun eiga sér stað á komandi árum. Búast má við að enn muni nýjar tegundir bætist við og aðrar hverfi eftir því sem samkeppnisaðstæður breytast og ólíklegt að gróðurskilyrði henti sumum aðkomutegundanna. Sá trjágróður sem þegar er kominn verður stórvaxnari og skóglendi aukast smám saman með sjálfgræðslu. Heiðargróður, svo sem mosapembur og lyngmóar, minnkar einnig graslendi, en blómlendi verða vafalítið vöxtulegri eftir því sem frjósemi eykst. Bersvæði svo sem malarásar, flög og ýmiss konar raskað land grær upp, en reyna þarf að halda einhverju af lyngmóum og malarásum í svipuðu horfi og þeir eru núna til að viðhalda fjölbreytni gróðurfarsins. Ekki er líklegt að umtalsverðar breytingar verði á votlendi nema hvað víðigróður eykst þar með tímanum. Þessi úttekt, sem hér hefur verið gerð, er því á engan hátt endanleg og er eingöngu tilraun til að lýsa flóru Elliðaárdals eins og hún var við upphaf 21. aldar.

Þakkir

Athugun þessi er unnin fyrir Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur. Grunnmyndir sem fyrsta og önnur mynd eru unnar á eru frá Landupplýsingakerfi Reykjavíkur. Bergþór Jóhannesson, grasfræðingur, hefur greint þá undafífla sem safnað var á svæðinu. Hörður Kristinnsson, grasfræðingur, hefur lesið yfir flórulestann og komið með margar gagnlegar athugasemdir. Hjalti J. Guðmundsson Ph. D. og Þórólfur Jónsson, garðyrkjustjóri hafa lesið yfir handrit og aðstoðað á ýmsan hátt. Öllum þessum aðilum færi ég bestu þakkir.

Flóra Elliðaárdals

Pteridophyta BYRKINGAR

Lycopodiatae JAFNAR

1. *Selaginellaceae* MOSAJAFNAÆTT

Selaginella selaginoides (L.) P. Beauv. ex Schrank & Mart. MOSAJAFNI - [N] Hér og þar í þurru mólendi.

Equisetatae ELFTINGAR

2. *Equisetaceae* ELFTINGAÆTT

Equisetum arvense L. KLÓELFTING - [N] Mjög algeng tegund einkum í frjóu landi.

Equisetum fluviatile L. FERGIN - [N] Algengt í mýrum, við tjarnir og í árbökkum.

Equisetum palustre L. MÝRELFTING - [N] Mjög algeng tegund í mýrum og öðru votlendi.

Equisetum pratense Ehrh. VALLELFTING - [N] Mjög algeng tegund, einkum í vallendi.

Equisetum variegatum Schleich. BEITIESKI - [N] Hér og þar í holta- og heiðargróðri. Tiltölulega sjaldgæft í Árhólmunum og finnst ekki í mannmótuðu landi.

Filicatae BURKNAR

3. *Opioglossaceae* NAÐURTUNGUÆTT

Botrychium lunaria (L.) Sw. TUNGLJURT - [N] Kemur fyrir hér og þar innan um heiðargróður og í vallendi.

4. *Woodsiaceae* LIÐFÆTLUÆTT

Cystopteris fragilis (L.) Bernh. TÓFUGRAS - [N] Tófugras vex víða í hraun sprungum og hellisskútum í Árhólmunum og Ártúnshöfða en kemur einnig fyrir í klappargjótum í Breiðholtshvarfi.

Spermatophyta FRÆPLÖNTUR

Coniferophytina (Gymnospermae) BERFRÆVINGAR

5. *Pinaceae* ÞALLARÆTT

Abies lasiocarpa (Hook.) Nutt. FJALLAÞINUR - [R] Nokkrar plöntur af fjallapini hafa verið gróðursett í Árhólmunum og í vesturhluta Breiðholtshvarfs.

Larix x eurolepis A. Henry, SIFJALERKI [R] Samkvæmt greiningu Þrastar Eysteinssonar, skógfræðings, mun lerkilundur sem stendur ofarlega í Árhólmunum vera bastarðar evrópulerkis, *L. decidua* og japanslerkis *L. kaempferi* og hafa bastarðar þessir verið nefndir *L. x eurolepis*, á latínu, en sifjalerki á íslensku.

Larix sibirica Ledeb.* SÍBIRÍULERKI - [R] Síbiríulerki hefur verið gróðursett víða og nokkur gömul tré standa eftir á yfirgefnum lóðum.

Picea abies (L.) Karst. RAUÐGRENI - [R] Allmikið var gróðursett af rauðgreni á fyrstu árum skógræktar í Árhólmunum. Nokkrar yngri plöntur má finna í Breiðholtshvarfi og sunnan við Dimmu.

Picea engelmannii (Parry) Engelm. BLÁGRENI - [R,E] Blágreni vex á yfirgefni lóð austan við Reykjanesbraut og við gamlan uppeldisreit sunnan við félagsheimili Orkuveitunnar. Dálitlu af blágreni hefur verið plantað í yngri gróðursetningar norðan Stekkjarbakka, sunnan byggðar í Árbæjarhverfi og í Breiðholtshvarfi.

* Hér er fjallað um síbiríulerki í víðri merkingu tegundarinnar. Útbreiðslusvæði síbiríulerkis er mjög stórt og tegundin breytileg frá einum stað til annars. Reynt hefur verið að skipta henni upp í fleiri tegundir svo sem *L. russica* (Endl.) Sabine ex Trautv. (1884) eða *L. sukachevii* Dylis (1945), sem kallað hefur verið rússalerki hér á landi, en hvergi virðist þó unnt að finna það glögglega afmörkuð skil í breytileikanum að hægt sé að skipta tegundinni upp í fleiri en eina tegund eða í undirtegundir. Rússalerki verður því að flokkast sem staðbrigði fremur en sjálfstæð tegund.

Picea glauca (Moench) Voss. HVÍTGRENI [R] Hvítgreni hefur verið gróðursett í yngri gróðursetningar sunnan við Rafstöðvarveg, norðan við Stekkjarbakka og í Breiðholtshvarfi.

Picea sitchensis (Bong.) Carr. SITKAGRENI - [R,E,I] Sitkagreni hefur verið gróðursett í flestum skógræktarsvæðum og gömul tré standa einnig á yfirgefnum lóðum. Í Ártúnsbrekkum, við Reykjanesbraut og í Árhólmunum er fjöldi sjálfsáðra plantna að vaxa úr grasi.

Pinus cembra L. LINDIFURA - [R] Nokkrar plöntur af lindifuru hafa verið gróðursettar í yngri gróðursetningum norðan Stekkjarbakka og í Breiðholtshvarfi.

Pinus contorta Dougl. STAFAFURA - [R,I] Stafafura hefur mikið verið gróðursett frá upphafi skógræktar í Elliðaárdal. Töluvert er um sjálfsáðar plöntur bæði í Árhólmunum og svæðinu norðan Stekkjarbakka.

Pinus mugo Turra. FJALLAFURA - [E,R] Fjallafurur finnast sem eftirstöðvar frá ræktun í gömlum lóðum og hefur dálítið verið gróðursett í yngri skógræktarsvæðum norðan Stekkjarbakka, sunnan byggðar í Árbæjarhverfi og í Breiðholtshvarfi.

Pinus sylvestris L. SKÓGARFURA - [R] Mikið var gróðursett af skógarfuru á fyrstu árum skógræktar í Árhólmunum. Á sjötta áratug síðustu aldar barst til landsins skjaldlús, sem dró mjög þrótt úr furunni og vesluðust flestar plönturnar upp á næstu árum, var því fljótlega hætt að gróðursetja skógarfuru. Eftir 1985 hefur ekki borið á lús í skógarfuru í Elliðaárdal og hafa þær plöntur sem eftir lifðu verið að ná sér og eru að verða hin snotrustu tré. Skógarfuran ber þroskað fræ, en sjálfsáðar plöntur hafa ekki fundist.

Pinus uncinata Mill. ex Mirb. BERGFURA - [R] Töluvert hefur verið gróðursett af bergfuru í Elliðaárdal frá fyrstu tíð. Eldri trén blómgastr með karlblómum en kvenblóm hafa ekki fundist.

Tsuga mertensiana (Bong.) Carr. FJALLAÞÖLL - [R] Nokkrar fjallaþallir hafa verið gróðursettar syðst í Breiðholtshvarfi.

Magnoliophyta (Angiospermae)

DULFRÆVINGAR

Magnoliatae TVÍKÍMBLÖÐUNGAR

6. *Salicaceae* VÍÐISÆTT

Populus tremula L., BLÆÖSP - [A,I,R] Blæösp er innlend tegund, en hefur ekki vaxið í Elliðaárdal fyrr en hún var gróðursett á öldinni sem leið. Í Ártúnsbrekkum og vestan við

Selás hefur hún dreifst með rôtarsprotum út frá ræktun og plöntur hafa verið gróðursettar í Breiðholtshvarfi.

Populus trichocarpa Torr. & Gray, ALASKAÖSP - [E,R,I] Alaskaösp hefur víða verið gróðursett á skógræktarsvæðum og á nokkrum stöðum eru gömul tré í yfirgefnum lóðum. Öspin dreifir sér með rôtarsprotum og er ekki óalgengt að þau komi upp meira en tíu metra frá móðurtrénu. Sjálfsáðar unglöntur hafa fundist á nokkrum stöðum, einkum í mannmótuðu landi norðan við Stekkjarbakka, en einnig í hrauninu í Árhólmunum og í Blásteinshólma.

Salix alaxensis (Anderss.) Cov. ALASKAVÍÐIR - [R,I] Gróðursettur á skógræktarsvæðum, en sjálfsáðar plöntur eru víða að vaxa úr grasi, meðal annars á áreyrum og ýmiss konar opnu landi, einkum þar sem landi hefur verið umbylt.

Salix arctica Pallas, FJALLAVÍÐIR - [N] Aðeins fundinn á tveimur stöðum, í Árhólmunum og við Dimmu.

Salix caprea L. SELJA - [E,R,I] Vex á einum stað í gamalli lóð og hefur dálítið verið gróðursett í Skógræktarsvæðum. Sjálfgrónar plöntur eru að vaxa úr grasi hér og þar og þá um fram allt í mannmótuðu landi sunnan árinna.

Salix glauca L, RJÚPUVÍÐIR - [R] Dálítið af rjúpuvíði hefur verið gróðursett í útivistarsvæðum er það einungis klóninn 'Mörk'⁸ sem er upprunalega frá Grænlandi.

Salix glaucoserisea B. Flod. ORRAVÍÐIR - [R] Nokkrar plöntur af orravíði hafa verið gróðursettar sunnarlega á Grænu grófarsvæðinu.

Salix helvetica Vill. HÉLUVÍÐIR - [R] Nokkrar plöntur af héluvéði hafa verið gróðursettar á trjáræktarsvæðum einkum um miðbik dalsins.

Salix herbacea L. SMJÖRLAUF - [N] Mjög algengur í holtum og heiðargróðri.

Salix hookeriana Barrat, JÖRFAVÍÐIR - [R] Gróðursettur í trjáræktarsvæði syðst á Grænu grófarsvæðinu.

Salix lanata L. LOÐVÍÐIR - [N] Algengur, einkum í holtum og á hraunum.

Salix myrsinifolia Salisb.* VIÐJA - [E,R,I] Viðja vex í nokkrum gömlum lóðum, en auk þess hefur mikið verið gróðursett í skógræktarsvæðum. Tegundin er löngu ílend og er mikið af sjálfsáðum plöntum víða í dalnum.

Salix myrsinites L. MYRTUVÍÐIR - [R] Nokkrar plöntur af myrtuvéði hafa verið gróðursettar á trjáræktarsvæði norðan Stekkjarbakka.

* Megnið af þeirri viðju sem ræktuð er hér á landi er talið til deilitegundarinnar *Salix myrsinifolia* subsp. *borealis* (Fries) Hyl. en það virðist svo sem mikið af þeim plöntum sem hafa verið gróðursettar, a.m.k. neðan til í dalnum, ætti að flokkast undir aðaltegundina, subsp. *myrsinifolia*, sem nefnd hefur verið dökkvíðir á íslensku. Ekki hefur verið reynt að greina sjálfsáðu plönturnar til deilitegunda eða kveða upp um hvort þær séu að einhverju leyti blendingar þeirra á milli. Tímabært er að rannsaka viðjuna sem vex hér á landi nánar og athuga m.a. hvort og þá hversu mikið hún blandast öðrum tegundum og þá um fram allt gulvíði. Að svo stöddu verður því ekki gerð tilraun til að skipta tegundinni *S. myrsinifolia* sl. í deilitegundir og nafnið viðja notað á tegundina í víðri merkingu.

Salix pentandra L. 'Schierbeck', GLJÁVÍÐIR - [E,R] Gljávíðir vex í nokkrum gömlum lóðum og hefur víða verið gróðursettur á trjáræktarsvæðum. Allar plönturnar eru af yrkinu 'Schierbeck', sem er komið af tré sem gróðursett var í gamla kirkjugarðinum við Aðalstræti í Reykjavík skömmu fyrir 1890 en er upprunalega frá Danmörku.

Salix phylicifolia L., GULVÍÐIR - [N,A,E,R,I] Gulvíðir er algengur um allan Elliðaárdal og hefur vaxið þar frá fornu fari. Mikið af þeim gulvíði sem vex í dalnum núna ber svipmót þess gulvíðis sem er upprunalegur um suðvestanvert landið og hefur að öllum líkindum vaxið upp af gömlum rötum og síðar af fræi. Í gömlum lóðum og aðliggjandi gördum vex gulvíðir af öðrum uppruna m.a. arfgerðir sem eru mun hávaxnari, einnig yrki sem eru algengur garðagróður bæði 'Brekka' og 'Strandir'. Yrkið 'Brekka' (Brekkuvíðir) hefur einnig verið gróðursett á trjáræktarsvæðum. Urmull af sjálfsáðum gulvíðiplöntum hefur vaxið upp af fræi á undanförunum árum, eru þær mjög breytilegar í útliti, sem bendir til að plöntur af mismunandi uppruna hafi æxlast saman auk þess sem eitthvað er um blendinga með öðrum tegundum.

Salix x smithiana Willd 'Vesturbær' VESTURBÆJARVÍÐIR - [E] Stórvaxnir runnar af vesturbæjarvíði standa í gömlum lóðum bæði norðan við Stekkjarbakka og vestan við Selás.

Salix viminalis L. KÖRFUVÍÐIR - [E,R] Tveir klónar af körfuvíði vaxa í Elliðaárdal. Stórir, gamlir runnar af öðrum þeirra, 'Þingvíði', vaxa í gömlum lóðum, en plöntur af klóni, sem nefndur hefur verið 'Katrín'⁸, hafa verið gróðursettar nýlega á trjáræktarsvæðum.

7. *Betulaceae* BJARKAÆTT

Alnus incana (L.) Moench, GRÁÖLUR - [R] Gráölur finnst í elstu gróðursetningunum í Árhólmunum og kringum elstu trén er urmull af rötarskotum að vaxa upp. Á svæðunum norðan við Stekkjarbakka og í Breiðholtshvarfi hafa plöntur af gráöl verið gróðursettar tiltölulega nýlega.

Alnus sinuata (Reg.) Rydb. SITKAÖLUR - [R,I] Sitkaölur hefur verið gróðursettur á tveimur seinustu áratugum í Ártúnsbrekkum, austan í Breiðholtshvarfi og víða norðan við Stekkjarbakka. Urmull smáplantna eru að vaxa upp kringum gróðursetningar norðan Stekkjarbakka.

Alnus viridis (Chaix) DC. KJARRÖLUR - [R] Nokkrar plöntur hafa verið gróðursettar í gamalli grjótnámu í Breiðholtshvarfi nálægt Vatnsveitubrí.

Betula pubescens Ehrh. BIRKI - [A,I,R,E] Það birki sem óx í Elliðaárdal við landnám og fram á 16. eða 17. öld er horfið. Á fyrri hluta 20 aldar var farið að gróðursetja birki í garða og um 1950 hófst skógrækt á afgirtu svæði í hólmanum. Birki vex nú um allan dalinn bæði plöntur sem hafa staðið eftir á yfirgefnum lóðum og þúsundir plantna sem hafa verið gróðursettar í útmörk. Auk þess er urmull sjálfsáinna birkitrjáa að vaxa upp m.a. í Blásteinshólma þar sem plöntur hafa aldrei verið gróðursettar. Birkið, sem gróðursett hefur verið, er vafalítið að langmestu leyti ræktað upp af fræi úr Bæjarstaðarskógi, nema hvað eitthvað af birkinu í elstu gróðursetningunum kann að vera af fræi frá Hallormsstað eða Vöglum. Það birki sem nú vex í dalnum er allfrábrugðið því birki sem er upprunalegt á Suður- og Vesturlandi og mun áður fyrr einnig hafa vaxið í Elliðaárdalnum, en finnst nú næst

inni á Heiðmörk. Það birki sem gróðursett hefur verið er mismunandi í vaxtarlagi en þar getur að líta nokkur allbeinvaxin og myndarleg tré og víða eru mjög efnilegar sjálfsáðar plöntur að vaxa upp.

8. *Ulmaceae* ÁLMURSÆTT

Ulmus glabra Hudson, ÁLMUR - [E] Álmur vex á einum stað í gamalli lóð norðan Stekkjarbakka.

9. *Polygonaceae* SÚRUÆTT

Aconogonum alpinum (All.) Schur, SNÆSÚRA - [E,S] Vex á nokkrum stöðum í gömlum lóðum og sem slæðingur þar sem garðaúrgangi hefur verið komið fyrir.

Bistorta vivipara (L.) Delabre, KORNSÚRA - [N] Innlend tegund sem er mjög algeng, einkum í eldri gróðursamfélögum.

Koenigia islandica L. NAFLAGRAS - [N] Vex í rökum flögum einkum ofantil í dalnum.

Oxyria digyna (L.) Hill, ÓLAFSSÚRA - [N] Algeng í melum, holtum og innan um slitróttan heiðargróður, einkum í efri hluta dalsins.

Polygonum aviculare L. BLÓÐARFI [N] Finnst á nokkrum stöðum í flögum og reski.

Rheum x rhabarbarum L. RABARBARI - [E,S] Vex víða í yfirgefnum lóðum og hefur sums staðar borist út með garðaúrgangi.

Rumex acetosa L. TÚNSÚRA - [N] Algeng í flestum gróðurlendum.

Rumex acetosella L. HUNDASÚRA - [N] Algeng tegund, einkum þar sem gróðurþekja er ekki samfelld.

Rumex longifolius DC. NJÓLI - [N] Algeng tegund, einkum á áreyrum og í reski.

10. *Portulacaceae* GRÝTUÆTT

Montia fontana L. LÆKJAGRÝTA - [N] Vex á nokkrum stöðum í rökum flögum.

11. *Caryophyllaceae* HJARTAGRASAÆTT

Undirætt *Alsinoideae*

Arenaria norvegica Gunn. SKEGGSANDI - [N] Innlend tegund sem kemur fyrir hér og þar á melum eða opnum gróðurlendum.

Cerastium alpinum L. MÚSAREYRA - [N] Innlend tegund sem kemur fyrir á melum og í gisnum heiðargróðri. Finnst hér og þar, einkum í efri hluta dalsins, en er hvergi algengt.

Cerastium biebersteinii DC. ROTTUEYRA - [S] Slæðingur á einum stað þar sem garðaúrgangur hefur verið urðaður austan byggðar í Breiðholtshvarfi.

Cerastium fontanum Baumg. VEGARFI - [N] Mjög algeng tegund sem kemur fyrir í flestum gróðursamfélögum þjurrlandis, einnig í raklendi þar sem gróðurþekja er ekki samfelld.

Cerastium tomentosum L. VÖLSKUEYRA - [S] Fundinn sem slæðingur á tveimur stöðum þar sem garðaúrgangur hefur verið urðaður norðan við Stekkjarbakka og austan byggðar í Hólahverfi. Eintökin eru þröttlítil og þurfa að endurgreinast.

Honkenya peploides (L.) Ehrh. FJÖRUARFI - [N] Vex fremst á fyllingunum framan við Ártúnshöfða.

Sagina nodosa (L.) Fenzl, HNÚSKAKRÆKILL - [N] Vex hér og þar í þurrum sendnum jarðvegi.

Sagina procumbens L. SKAMMKRÆKILL - [N] Algengur á eyrum og rökum flögum.

Spergula arvensis L. SKURFA - [N] Finnst hér og þar í flögum og opnu landi.

Stellaria crassifolia Ehrh. STJÖRNUARFI - [N] Fundin á einum stað við bakka Dimmu.

Stellaria graminea L. AKURARFI - [I] Löngu ílend tegund sem er algeng einkum í námunda við árnar og þá einkum í neðri hluta dalsins.

Stellaria humifusa Rottb. LÁGARFI - [N] Fundinn á sjávarflæðum við áróšana.

Stellaria media (L.) Vill. HAUGARFI - [N] Vex víða í ræktuðu landi og reski. Einnig á skuggsælum stöðum s.s. undir brúm og í helliskútum.

Undirætt *Silenoideae*

Lychnis alpina L. LJÓSBERI - [N] Ljósberi hefur aðeins fundist austast í dalnum sunnan Dimmu.

Silene acaulis (L.) Jacq. LAMBAGRAS - [N] Vex í holtum og melum. Algengara í efri hluta dalsins.

Silene dioica (L.) Clairv. DAGSTJARNNA - [I] Ílend á nokkrum stöðum í röskuðu landi.

Silene uniflora Roht. HOLURT - [N] Vex á nokkrum stöðum á melum og hraunkollum.

12. *Ranunculaceae* SÓLEYJAÆTT

Aconitum x stoerkianum Reichenb. FAGURHJÁLMUR - [E] Fagurhjálmur finnst á örfáum stöðum bæði sem eftirstöðvar frá ræktun og slæðingur með garðaúrgangi.

Anemone nemorosa L. SKÓGARANEMÓNA - [R] Skógaranemóna hefur verið gróðursett á nokkrum stöðum í Árhólmunum og Breiðholtshvarfi.

Aquilegia cf. vulgaris L. VATNSBERI - [S] Slæðingur sem hefur aðeins fundist sem ung fræplanta í flóðfarinu frá 1999⁹. Nánari greining verður að bíða þess að fullþroska planta finnist.

Caltha palustris L. HÓFSÓLEY - [N] Mjög algeng tegund á árbökkum, við tjarnir og læki.

Ranunculus aconitifolius L. *f. flore pleno*, SILFURSÓLEY - [E,S] Silfursóley með fylltum blómum vex í yfirgefni lóð við Blesugróf og sem slæðingur í mannmótuðu landi norðan Stekkjarbakka.

Ranunculus acris L. BRENNISÓLEY - [N] Algeng í margskonar gróðurlendum.

Ranunculus repens L. SKRIÐSÓLEY - [N] Algeng einkum í raklendi, kringum ræktað land og í margskonar röskuðu landi.

Ranunculus reptans L. FLAGASÓLEY - [N] Vex á áreyrum og í rökum flögum einkum í neðri hluta dalsins.

Thalictrum alpinum L. BRJÓSTAGRAS - [N] Vex hér og þar í mólendi einkum í efri hluta dalsins.

13. *Berberidaceae* BRODDAÆTT

Berberis thunbergii DC 'Laugardalur', SÓLBRODDUR - [R] Nokkrar plöntur af sólbrotti, yrkinu 'Laugardalur' hafa verið gróðursettar fyrir norðan Stekkjarbakka.

14. *Papaveraceae* DRAUMSÓLEYJAÆTT

Papaver croceum Ledeb. GARÐASÓL - [I] Ílend tegund sem finnst víða í reski.

15. *Brassicaceae* KROSSBLÓMAÆTT

Arabis petraea (L.) Lam. MELABLÓM - [N] Innlend tegund sem er tiltölulega algeng á malarásum og þar sem gróðurþekja er slitrótt. Fremur sjaldgæf í Árhólmunum og ekki fundin í Blásteinshólma.

Barbarea stricta Andr. HLÍÐABLEIKJA - [I] Ílend tegund sem er algeng í reski og þar sem deigja er í jörð.

Capsella bursa-pastoris (L.) Med. HJARTARFI - [N] Hjartarfi finnst víða í röskuðu landi.

Cardamine hirsuta L. LAMBAKLUKKA - [N,S] Innlend tegund. en mjög ólíklegt að hún hafi vaxið í Elliðaárdal fyrr en áhrifa garð- og skógræktunar fór að gæta á seinustu öld. Fundin á nokkrum stöðum í reski og ólíklegt að hún verði áfram á seinni stigum gróðurframvindu á þeim stöðum.

Cardamine pratensis L. HRAFNAKLUKKA [N] Innlend tegund, algeng í flestum gróðurlendum.

Draba incana L. GRÁVORBLÓM - [N] Vex hér og þar á melum og í heiðargróðri. Sjáldséð í Árhólmunum og hefur hvorki fundist í manngerðu landslagi í Ártúnsbrekkum, norðan Stekkjarbakka eða á fyllingunum við árósana.

16. *Crassulaceae* HELLUHNODRAÆTT

Rhodiola rosea L. BURNIRÓT - [N] Innlend tegund sem er tiltölulega algeng á malarásum og þar sem gróðurþekja er slitrótt. Fremur sjaldgæf í Árhólmunum og ekki fundin í Blásteinshólma.

Sedum telephium L. *subsp. telephium*, SUMARHNOÐRI - [S] Sumarhnoðri hefur borist með garðaúrgangi austur fyrir byggð í Breiðholtshvarfi.

Sedum villosum L. FLAGAHNOÐRI - [N] Vex hér og þar í flögum.

17. *Saxifragaceae* STEINBRJÓTSÆTT

Saxifraga caespitosa L. ÞÚFUSTEINBRJÓTUR - [N] Aðeins fundinn á einum stað í gamalröskuðu landi við aflagða byggð norðan Stekkjarbakka. Gæti hafa slæðst út frá ræktun eða borist með aðfluttri möl. Á sömu slóðum vex einnig fjallasveifgras sem er annars ekki þekkt á þessum slóðum. Hugsanlegt er að þessar melategundir hafi frá fornu fari vaxið þarna á gömlum malarásum.

Saxifraga hypnoides L. MOSASTEINBRJÓTUR - [N] Nokkrar plöntur vaxa í klettum við ána milli Höfðabakka og Árbæjarstíflu.

Saxifraga stellaris L. STJÖRNUSTEINBRJÓTUR - [N] Stjörnusteinbrjótur hefur fundist á nokkrum stöðum á rökum klettum og í flögum.

Saxifraga x urbium D. A. Webb, SKUGGASTEINBRJÓTUR - [S] Hefur borist með garðaúrgangi út fyrir byggð austan í Breiðholtshvarfi.

18. *Parnassiaceae* MÝRASÓLEYJARÆTT

Parnassia palustris L. MÝRASÓLEY - [N] Kemur víða fyrir innan um lágvaxinn gróður, einkum þar sem raklent er.

19. *Ribesiaceae* RIFSÆTT

Ribes alpinum L. FJALLARIFS - [R] Nokkrar plöntur af fjallarífsi hafa verið gróðursettar í skógræktarsvæðum norðan í Breiðholtshvarfi.

Ribes nigrum L. SÓLBER - [E,R] Vex allvíða í gömlum lóðum og hefur verið gróðursett í trjáræktarsvæðum í Breiðholtshvarfi.

Ribes x pallidum Otto & Ditr. GARÐARIFS - [E,R,I,S] Vex víða í yfirgefnum lóðum og plöntur hafa verið gróðursettar eða slæðst utangarðs. Sjálfsáðar plöntur finnast í hraun sprungum, ungskógum og lúpínubreiðum. Telja má þessa blendingstegund fullkomlega ílenda.*

Ribes rubrum L. EÐALRIFS - [E] Eðalrífs vex á einum stað í yfirgefnum lóð í Blesugróf.

Ribes uva-crispa L. STIKILSBER - [R,S] Stikilsber hafa verið gróðursett í skógræktarsvæðum í efri hluta dalsins og hafa einnig slæðst með garðaúrgangi út fyrir byggð.

20. *Rosaceae* RÓSAÆTT

Undirætt *Spiraeoideae*

Sorbaria sorbifolia (L.) A. Br. REYNIBLAÐKA - [R,S] Reyniblaðka hefur verið gróðursett í útivistarsvæði norðan Stekkjarbakka en hefur einnig borist með garðaúrgangi út fyrir byggðina í Breiðholtshvarfi.

* Langmest af því rífsi sem ræktað er í gördum hér á landi er yrkið 'Red Dutch', sem nefnt hefur verið 'Rautt Hollenskt' á íslensku. Er það talið bastarður tegundanna *R. spicatum* Robson og *R. paetrum* Wulfen og hefur hlotið bastarðsheitið *R. x pallidum*. Hefur það sáð sér víða einkum í skógarbotn eða í lúpínubreiður. Þessar fræplöntur eru mjög breytilegar í útliti en skera sig þó greinilega frá tegundinni *R. rubrum* L. en yrki af þeirri tegund eru mest ræktað í gördum í Mið-Evrópu og í Suður-Skandinavíu og finna má það í einstaka gördum hér á landi.

Spiraea x billiardi Herineq, ÚLFAKVISTUR - [E,R] Vex í gamalli lóð vestan við Selás og hefur verið gróðursettur á nokkrum stöðum í útivistarsvæðum

Spiraea sp. 'Birkikvistur', BIRKIKVISTUR - [E,R] Vex í gamalli lóð sunnan byggðar í Árbæjarhverfi og gróðursettur á nokkrum stöðum í útivistarsvæðum í efrihluta dalsins.

Spiraea chamaedryfolia L. BJARKEYJARKVISTUR - [R.] Gróðursettur í trjáræktarsvæði sunnan við byggðina í Árbæjarhverfi.

Spiraea cf. henryi Hemsl. STÓRKVISTUR - [R] Kvistur úr deildinni *Calospira* K. Koch hefur verið gróðursettur norðan Stekkjarbakka en greining verður að endurskoðast ef þroskameiri plöntur finnast.

Spiraea media Schmit. GARÐAKVISTUR - [R] Gróðursettur í trjáræktarsvæði norðan við Stekkjarbakka.

Spiraea mollifolia Redh. LOÐKVISTUR - [R] Gróðursettur í trjáræktarsvæði sunnan við Árbæjarhverfi.

Spiraea salicifolia L. VÍÐIKVISTUR - [R,S] Gróðursettur í skógræktarsvæðum í Breiðholtshvarfi en hefur einnig borist út með garðaúrgangi á sömu slóðum.

Undirætt *Rosoideae*

Alchemilla alpina L. LJÓNSLAPPI - [N] Algengur í flestum gróðursamfélögum.

Alchemilla mollis (Buser) Rothm. GARÐAMARÍUSTAKKUR - [I,E] Þessi tegund er orðin algeng í dalnum bæði sem eftirstöðvar frá ræktun og sem sjálfsáðar plöntur. Finnst hún bæði í röskuðu landi og í öröskuðum gróðursamfélögum.

Serie Vulgares. Innan safntegundarinnar *Vulgares*, sem almennt er kölluð maríustakkur á íslensku er fjöldi smátægunda sem mynda fræ án frjóvgunar og eru þær hver fyrir sig nánast einstæðar arfgerðir. Þessar smátægundir eru vandgreindar og er útbreiðsla eftirfarandi fimm smátægunda sem fundist hafa í Elliðaárdal ekki könnuð til fullnustu.

Alchemilla filicaulis Buser, MARÍUSTAKKUR - [N] Virðist algengur í dalnum en útbreiðsla hans hefur ekki verið könnuð til hlítar.

Alchemilla glabra Neygenf. BREKKUMARÍUSTAKKUR - [N] Vex hér og þar um neðanverðan dalinn.

Alchemilla glomerulans Buser, HNOÐAMARÍUSTAKKUR - [N] Ekki óalgengur í Elliðaárdal en ekki fundinn í Breiðholtshvarfi.

Alchemilla vestita (Buser) Raunk. HLÍÐARMARÍUSTAKKUR - [N] Algengasti maríustakkurinn, finnst í flestum gróðursamfélögum nema í blautustu mýrum og næringarsnauðum mela- og heiðagróðri.

Alchemilla wichurae (Buser) Stefánsson, SILFURMARÍUSTAKKUR - [N] Vex hér og þar í dalnum en útbreiðsla ekki könnuð til fullnustu.

Dryas octopetala L. HOLTASÓLEY - [N] Mjög algeng í holta- og heiðagróðri. Hefur ekki fundist í manngerðu landslagi norðan Stekkjarbakka.

Filipendula kamtschatica (Pall.) Maxim. RISAMJÆDJURT - [E,S] Vex á einum stað í gamalli lóð vestan byggðar í Árbænum og sem slæðingur í garðaúrgangi sem urðaður hefur verið austan byggðarinnar í Breiðholtshvarfi.

Filipendula ulmaria (L.) Maxim. MJÆDJURT - [N] Algeng tegund í tiltölulega frjóum siltjarðvegi og virðist vera að breiðast út.

Fragaria vesca L. JARÐARBER - [A,E,R] Innlend tegund sem mikið var af áður fyrr í brekkum vestan til í Ártúnshöfðanum. Á síðari hluta 20. aldar var stærstur hluti þessa svæðis sprengdur og efnið nýtt til mannvirkjagerðar. Fremst í höfðanum er smábrekka eftir óhreyfð þar sem enn vaxa jarðarberjaplöntur. Á tveimur öðrum stöðum fundust plöntur, annars vegar ofarlega í Árhólmunum sem eru að öllum líkindum gróðursett og hins vegar vestan við Selásinn en þar er líklega um eftirlegu frá eldri ræktun að ræða.

Geum x heldreichi, SKRÚDDALAFÍFILL - [E] Á tveimur stöðum vaxa dalafíflar sem eftirstöðvar frá ræktun. eru þetta að öllum líkindum skrudalafíflar, *G. x heldreichi*, sem eru taldir bastarðar skarlatsfífls, *G. coccineum* Sibth. et Sm., og brekkudalafífls, *G. montanum* L.

Geum macrophyllum Willd. SKÓGDALAFÍFILL - [S] Fundinn þar sem garðaúrgangur hefur verið urðaður á fyllingum við voginn og austan byggðar í Breiðholtshvarfi.

Geum rivale L. FJALLDALAFÍFILL - [N] Algengur í frjóu landi.

Geum x sudeticum Tausch, BLIKDALAFÍFILL - [S] Á fyllingum við Elliðavog þar sem garðaúrgangur hefur verið urðaður vex dalafífill með gulum blómum sem virðist vera bastarður fjalldalafífls og brekku-dalafífls, *G. montanum* L. Bastarðar þessara tegunda hafa verið nefndir *G. x sudeticum* og fengið nafnið blikdalafífill í íslensku.

Potentilla anserina L. TÁGAMURA - [N] Mjög algeng á áreyrum, flögum og víða í raklendi.

Potentilla crantzii (Crantz) G. Beck ex Fritsch, GULLMURA - [N] Mjög algeng einkum í slitróttum heiðargróðri og vallendi.

Potentilla fruticosa L. RUNNAMURA - [R,S] Runnamura hefur verið gróðursett í trjáræktarsvæðum norðan Stekkjarbakka og sunnan byggðar í Árbæjarhverfi. Einnig hefur hún borist út með garðaúrgangi austan við byggðina í Breiðholtshvarfi.

Potentilla palustris (L.) Scop. ENGJARÓS - [N] Algeng í mýrum og öðru raklendi.

Rosa majalis Herrem. KANELRÓS - [R] Kanelrós hefur verið gróðursett neðan við Ártúnsbrekkur.

Rosa moyesii Hemsl. MEYJARÓS - [R] Meyjarós hefur verið gróðursett í trjáræktarsvæði norðan við Stekkjarbakka.

Rosa pendulina L. FJALLARÓS - [E,R] Fjallarós vex í gamalli lóð sunnan við Árbæjarhverfi og hefur verið gróðursett í trjáræktarsvæði norðan við Stekkjarbakka og í Breiðholtshvarfi.

Rosa pimpinellifolia L. ÞYRNIRÓS - [A,E,R] Innlend tegund sem vex í gamalli lóð og hefur einnig verið gróðursett í útivistarsvæði sunnan við byggðina í Árbæjarhverfi. Ekki er vitað hver uppruni þessara gróðursettu plantna er og allt eins líklegt að þær séu upphaflega innfluttar garðplöntur.

Rosa rugosa Thunb. ÍGULRÓS - [E,R] Vex í nokkrum gömlum lóðum en hefur einnig verið gróðursett í útivistarsvæði. Er það þá einkum yrkið 'Wasagaming', sem mun vera ígulrósarblendingur.

Rosa xanthina Lindl. GLÓÐARRÓS - [R] Gróðursett í útivistarsvæði norðan við Stekkjarbakka.

Rubus idaeus L. HINDBER - [E,I] Hindber vaxa á nokkrum stöðum í gömlum lóðum og eru fyllilega ílend. Á hverjum stað fyrir sig vex vafalítið aðeins einn klónn, sem hefur dreift sér með rôtarskotum og ólíklegt að það séu fleiri en tveir klónar sem vaxa í dalnum. Algengt er að hindber geti ekki frjógast með eigin frjódufti og svo virðist sem hindberin í dalnum myndi ekki aldin.

Rubus saxatilis L. HRÚTABER - [N] Fremur sjaldgæf en vaxa hér og þar í brekkum og lautum.

Sanguisorba alpina Bunge, HÖSKOLLUR - [I,S] Vex þar sem garðaúrgangi hefur verið komið fyrir austan byggðar í Breiðholtshvarfi.

Sanguisorba canadensis L. KANADAKOLLUR - [E] Kanadakollur vex í gamalli lóð sunnan byggðar í Árbæjarhverfi.

Sanguisorba officinalis L. BLÓÐKOLLUR - [A,S] Innlend tegund sem líklegt er að hafi vaxið áður fyrir í Elliðaárdal, en verið horfin fyrir lok 19. aldar. Í reskinu eftir flóðið, sem varð í desember 1998, hafa fundist þrjár ungar plöntur, auðsýnilega vaxnar upp af fræi⁹. Austan við byggð í Breiðholtshvarfi hefur blóðkollur borist út með garðaúrgangi.

Undirætt *Maloideae*

Cotoneaster lucidus Schlechtend. GLJÁMISPILL - [R] Runnar af gljámispili hafa verið gróðursettir í bakkana austan við Reykjanesbraut, norðan Stekkjarbakka, sunnan byggðar í Árbæjarhverfi og norðan í Breiðholtshvarfi.

Crataegus cf. sanguinea Pall. SÍBIRÍUÞYRNIR - [R] Ein planta af þyrni sem virðist vera síbiríuþyrnir hefur verið gróðursett í svæðið milli Rafstöðvarinnar og Höfðabakka. Ekki er unnt að greina hann með vissu fyrir en plantan hefur náð betri þroska.

Sorbus aucuparia L. REYNIR - [A,E,R,I] Reynir er innlend tegund sem vafalaust hefur áður fyrr vaxið í Elliðaárdal en var horfinn þaðan fyrir lok 19. aldar. Nokkur gömul reynitré standa í gömlum lóðum og dálítið af reyniplöntum hefur verið gróðursett í skógræktarsvæðum. Fjölmargar sjálfsáðar plöntur eru að vaxa upp í dalnum og munu fuglar hafa dreift fræjunum og þá einkum af trjám sem ræktuð eru í gördum umhverfis og í dalnum.

Sorbus x hostii (Jacq. fil.) K. Koch, ÚLFAREYNIR - [R] Nokkrar plöntur hafa verið gróðursettar í trjáræktarsvæði austan Reykjanesbrautar.

Sorbus hybrida (L.) L. GRÁREYNIR - [E,R] Vex í gömlum lóðum norðan Stekkjarbakka og hefur verið gróðursettur í skógræktarsvæði í Breiðholtshvarfi.

Sorbus koehneana C. K. Schneid. KOPARREYNIR - [R] Nokkrar plöntur hafa verið gróðursettar í skógræktarsvæði austan byggðar í Breiðholtshvarfi.

Sorbus mougeotii Soyer–Willemet & Godron, ALPAREYNIR - [R] Nokkrar plöntur hafa verið gróðursettar í trjáræktarsvæði neðan byggðar í Árbæjarhverfi.

Undirætt *Prunoideae*

Prunus padus L. HEGGUR - [R] Nokkrar plöntur hafa verið gróðursettar í skógræktarsvæðum neðan við Stekkjarbakka og austan við byggð í Breiðholtshvarfi.

23. *Fabaceae* ERTUÆTT

Anthyllis vulneraria L. GULLKOLLUR - [N] Innlend tegund með meginútbreiðslu á höfuðborgarsvæðinu. Mjög algengur í Elliðaárdalnum einkum á malarásum og þar sem gróðuþekja er slitrótt. Hefur ekki fundist á ofanverðri Árhólmunum, í Blásteinshólma, eða í austanverðu Breiðholtshvarfi.

Lathyrus pratensis L. FUGLAERTUR - [A,E,S] Fuglaertur eru innlend tegund sem dreifir úr sér með jarðrenglum. Ekki er vitað til að tegundin hafi áður fyrr vaxið á þessum slóðum en ekki er þó hægt að fullyrða neitt um það. Í Árhólmunum eru smá breiður á stöðum sem bera ekki að öðru leyti vott um ræktun og neðan við Árbæ er stór breiða sem ólíklegt er að sé yngri en frá fyrri hluta síðustu aldar. Annars staðar er greinilega um eftirstöðvar ræktunar að ræða og austan við byggðina í Breiðholtshvarfi hafa þær slæðst með garðaúrgangi.

Lupinus nootkatensis Donn ex Sims, ALASKALÚPÍNA - [I] Ílend tegund sem er orðin algeng einkum á melum og í röskuðu landi.

Lupinus polyphyllus Lindl. GARÐALÚPÍNA - [E,S] Vex á tveimur stöðum í yfirgefnum lóðum norðan Stekkjarbakka og á einum stað austan byggðar í Breiðholti hefur hún borist út með garðaúrgangi.

Trifolium hybridum L. TÚNSMÁRI - [I,E,R] Ílend tegund sem var áður fyrr algeng í fræblöndum og finnst oft þar sem grasfræi hefur verið sáð. Sums staðar hefur hann ílenst, einkum í gömlum túnjöðrum.

Trifolium pratense L. RAUÐSMÁRI - [I,E,R] Ílend tegund sem finnst á nokkrum stöðum í gömlum grasblettum.

Trifolium repens L. HVÍTSMÁRI - [N] Innlend tegund sem er algeng, einkum í sendnum jarðvegi og lágvöxnu graslendi.

Vicia cracca L. UMFEDMINGUR - [N] Mjög algengur einkum í námunda við árnar.

Vicia sepium L. GILJAFLÆKJA - [N] Innlend tegund en ekki upprunalega í dalnum. Fundin á einum stað neðan við Árbæjarhverfið þangað sem hún hefur líklega borist með jarðvinnslutækjum.

24. *Geraniaceae* BLÁGRESISÆTT

Geranium x magnificentum Hyl. KÓNGABLÁGRESI - [S] Fundið á einum stað sem slæðingur þar sem garðaúrgangur hefur verið urðaður austan við byggð í Breiðholtshvarfi.

Geranium pratense L. GARÐABLÁGRESI - [S] Slæðingur sem berst oft frá ræktun en tæpast fyllilega ílendur. Finnst á nokkrum stöðum í Elliðaárdal þangað sem hann hefur slæðst út frá ræktun.

Geranium sylvaticum L. BLÁGRESI - [N] Innlend tegund sem hefur verið að breiðast út eftir að beit lagðist af í dalnum. Finnst víða, einkum í frjóu graslendi og laufskógum. Ófundið í mannmótuðu landslagi svo sem norðan Stekkjarbakka og í Ártúnsbrekkum.

25. *Aceraceae* HLYNSÆTT

Acer pseudoplatanus L. GARÐAHLYNUR - [E] Eitt tré stendur eftir á gamalli lóð norðan Stekkjarbakka.

26. *Violaceae* FJÓLUÆTT

Viola canina L. TÝSFJÓLA - [N] Algeng í neðri hluta dalsins en sjaldgæfari ofan til.

Viola palustris L. MÝRFJÓLA - [N] Aðeins fundin á einum stað á Grænugrófarsvæðinu.

Viola tricolor L. ÞRENNINGARFJÓLA - [N] Vex á einum stað á áreyri við Austurkvíslina og á tveimur stöðum í reski norðan við Stekkjarbakka.

27. *Onagraceae* EYRARRÓÐSÆTT

Epilobium alsinifolium Vill. LINDADÚNURT - [N] Aðeins fundin á einum stað framan til í Ártúnshöfða.

Epilobium angustifolium L. SIGURSKÚFUR - [A] Innland tegund sem þolir illa beit og var horfin af Suðvesturlandi hafi útbreiðsla hennar einhvern tíma náð þangað. Á síðari hluta 20. aldar hefur sigurskúfur dreifst víða út frá ræktun og í Elliðaárdal er hann sums staðar ríkjandi tegund í niturríkum jarðvegi. Á Blesugrófarsvæðinu vex hann í stórum breiðum sem eru mjög áberandi þegar plönturnar eru í blóma og eftir fyrstu haustfrost þegar blöðin verða purpurarauð. Sigurskúfur er sjaldgæfur á Árhólmunum og finnst ekki í Blásteinshólma.

Epilobium palustre L. MÝRADÚNURT - [N] Mjög algeng tegund einkum í raklendi.

Epilobium watsonii Barbey, VÆTUDÚNURT - [I] Amerísk tegund sem fyrst varð vart við í Reykjavík nokkru eftir miðja 20. öldina⁶ en er nú orðin fyllilega ílend víða um land. Algeng í Elliðaárdal, einkum í raklendi og röskuðu landi.

28. *Hippuridaceae* LÓFÓTSÆTT

Hippurus vulgaris L. LÓFÓTUR - [N] Fundinn í nokkrum tjörnum í neðri hluta dalsins og norðan Stekkjarbakka.

29. *Haloragaceae* MARAÆTT

Myriophyllum alterniflorum DC. Síkjamarí - [N] Finnst á nokkrum stöðum í smátjörnum.

30. *Cornaceae* SKOLLABERSÆTT

Cornus sericea L. SVEIGHYRNIR - [R] Nokkrir runnar hafa verið gróðursettir sunnan byggðar í Árbæjarhverfi.

31. *Apiaceae* SVEIPJURTAÆTT

Undirætt *Saniculoideae*

Astrantia major L. SVEIPSTJARNA - [E] Eftirlega frá ræktun í gamalli lóð neðan við Árbæjarhverfi.

Undirætt *Apioideae*

Aegopodium podagraria L. GEITAKÁL - [I] Ílend tegund sem vex víða í frjóum jarðvegi í nánd við byggð eða þar sem garðaúrgangur hefur verið urðaður.

Angelica archangelica L. ÆTIHVÖNN - [A] Innlend tegund sem var horfin úr Elliðaárdal þegar mesta beitarálagið var þar, en hefur verið að nema þar land og breiðast út á seinustu þremur áratugum. Er nú orðin algeng, einkum í námunda við árnar.

Angelica sylvestris L. GEITHVÖNN - [N] Innlend tegund sem var orðin sjaldséð meðan beitarálag var sem mest. Var þá algengust á eyju í Dimmu. Á seinustu áratugum hefur hún breiðst mjög út og er orðin algeng, einkum í námunda við árnar.

Anthriscus sylvestris (L.) Hoffm. SKÓGARKERFILL - [I] Ílend tegund sem varð fyrst vart í dalnum á sjöunda áratug seinustu aldar. Er nú algengur, einkum í niturríkum jarðvegi.

Carum carvi L. KÚMEN - [N] Fundið á þremur stöðum, í Ártúnsbrekkum, við áróšana og í vegkanti sunnan við Vesturkvíslina.

Heracleum mantegazzianum Somm. & Levier, BJARNARKLÓ - [S] Slæðingur frá ræktun. Fundin á fyllingum við áróšana, við Rafstöðvarveg og á tveimur stöðum norðan og austan við byggðina í Breiðholtshvarfi.

Levisticum officinalis W. D. J. Koch, SKESSUJURT - [S] Slæðingur norðvestan við byggðina í Breiðholti og vestan við Selás.

Myrrhis odoratum (L.) Scop. SPÁNARKERFILL - [I] Ílend tegund sem hefur verið að breiðast út á seinustu áratugum. Er orðin algeng í reski og niturríkum jarðvegi.

32. *Ericaceae* LYNGÆTT

Arctostaphylos uva-ursi (L.) Sprengel, SORTULYNG - [N] Innlend tegund, algeng í heiðargróðurlendi en sjaldgjæf norðan Stekkjarbakka og í Ártúnsbrekkum.

Calluna vulgaris (L.) Hull. BEITILYNG - [N] Algeng tegund í heiðargróðri

Vaccinium uliginosum L. BLÁBERJALYNG - [N] Algengt, einkum í holtum og heiðum.

33. *Empetraceae* KRÆKILYNGSÆTT

Empetrum nigrum L. KRÆKILYNG - [N] Algengt í holtum, melum og gisnum heiðargróðri.

34. *Primulaceae* MARÍULKILSÆTT

Lysimachia punctata L. ÚTLAGI - [S] Tegund sem hefur slæðst út með garðaúrgangi á nokkrum stöðum utan við byggð í efri hluta dalsins.

35. *Plumbaginaceae* Geldingahnappsætt

Armeria maritima (Miller) Willd. GELDINGAHNAPPUR - [N] Innlend tegund sem er tiltölulega algeng nema síst á raskaða svæðinu norðan Stekkjarbakka.

36. *Oleaceae* Olíuviðarætt

Syringa sect. Villosae Schneid. SÍRENA - [E,R] Vex í gamalli lóð í Blesugróf og nokkrar plöntur hafa verið gróðursettar í skógræktarsvæðum í Breiðholtshvarfi. Virðast þær síðarnefndu vera yrkið 'Elinor', en ekki er unnt að segja um það með fullri vissu fyrr en plönturnar bera blóm.

37. *Gentianaceae* MARÍUVANDARÆTT

Gentiana nivalis L. DÝRAGRAS - [N] Mjög sjaldgæft í Elliðaárdal. Nokkrar plöntur fundnar á einum stað í Ártúnsbrekkum.

Gentianella campestris (L.) Börner, MARÍUVÖNDUR – [N] Maríuvendir vaxa hér og þar í vallendi. Bæði litaafbrigðin, það ljósa og það rauðleita, eru í dalnum, en finnast sjaldan bæði á sama vaxtarstað. Ljósa litaafbrigðið er algengara

38. *Menyanthaceae* HORBLÖÐKUÆTT

Menyanthes trifoliata L. HORBLAÐKA - [N] Algeng við lygna árbakka í efri hluta dalsins. Neðan til aðeins fundin við Vesturkvíslina og í Drekkjarhyl.

39. *Rubiaceae* MÖÐRUÆTT

Galium boreale L. KROSSMAÐRA - [N] Mjög algeng tegund og fundin í flestum gróðurhverfum.

Galium odoratum (L.) Scop. ILMMAÐRA - [R] Ilmmaðra hefur verið gróðursett á tveimur stöðum í Árhólmunum.

Galium pumilum Murray, HVÍTMAÐRA - [N] Vex hér og þar, einkum í flögum innan um slitróttan heiðar- og vallendisgróður.

Galium uliginosum L. LAUGAMAÐRA - [N] Fundin á einum stað við Grænugróf.

Galium verum L. GULMAÐRA - [N] Mjög algeng í lang flestum gróðurlendum.

40. *Polimoniaceae* JAKOBSSTIGAÆTT

Polemonium coeruleum L. JAKOBSSTIGI - [E,S] Vex í aflögðum lóðum og sem slæðingur á nokkrum stöðum.

41. *Boraginaceae* MUNABLÓMAÆTT

Myosotis arvensis (L.) Hill, GLEYM-MÉR-EI - [N] Algeng tegund í flögum og þar sem gróðurþekja er slitrótt.

Myosotis scorpioides L. ENJAMUNABLÓM - [I] Ílend tegund sem vex víða meðfram Vesturkvíslinni.

Symphytum asperum Lepech. – Komfrey, FÓÐURVALURT - [S,R] Slæðingur í reski norðan Stekkjarbakka og í efri hluta Árhólmanna hefur í nokkur ár vaxið ein planta sem vafalaust hefur verið gróðursett þar á sínum tíma.

42. *Callitrichaceae* VATNSBRÚÐUÆTT

Callitriche stagnalis Scop. LAUGABRÚÐA - [N] Fundin á nokkrum stöðum í smátjörnum í Árhólmunum, norðan Austurkvíslarinnar austan við Rafstöðvarhúsið og norðan við Stekkjarbakkann.

43. *Lamiaceae* VARABLÓMAÆTT

Lamium album L. LJÓSATVÍTÖNN - [I,S] Ílend tegund sem upphaflega hefur slæðst út frá ræktun á yfirgefnum lóðum sunnan Árbæjarhverfis og norðan Stekkjarbakka. Einnig í tiltölulega nýlegum garðaúrgangshaug austan byggðar í Breiðholtshvarfi.

Prunella vulgaris L. BLÁKOLLA - [N] Algeng í neðri hluta dalsins en hefur ekki fundist á svæðinu umhverfis Dimmu.

Stachys macrantha (C. Koch) Hyl. ÁLFAKOLLUR - [E,S] Vex í gamalli lóð norðan Stekkjarbakka og hefur slæðst út með garðaúrgangi á nokkrum stöðum í Breiðholtshvarfi.

Thymus praecox Opiz, BLÓÐBERG - [N] Algengt í margs konar gróðurlendi, einkum mólendi og melum.

44. *Scrophulariaceae* GRÍMUBLÓMAÆTT

Undirætt *Scrophularioideae*

Linaria repens (L.) Miller, RANDASPORI - [I,S] Ílend tegund sem hefur borist með garðaúrgangi austur fyrir byggð í Breiðholti.

Undirætt *Rhinanthoideae*

Euphrasia frigida Pugsley, AUGNFRÓ - [N] Fremur sjaldgæf neðan til í dalnum en mjög algeng ofan til.

Rhinanthus minor L. LOKASJÓÐUR - [N] Algengur í flestum gróðurlendum.

Veronica chamaedrys L. VÖLUDEPLA - [I,E,S] Kemur fyrir í gömlum lóðum og sem slæðingur þar sem garðaúrgangi hefur verið komið fyrir. Er orðin fyllilega ílend á nokkrum stöðum.

Veronica longifolia L. LANGDEPLA - [E,S] Vex í gömlum lóðum og hefur einnig borist út með garðaúrgangi á nokkrum stöðum.

Veronica officinalis L. HÁRDEPLA - [N] Aðeins fundin á tveimur stöðum efst í Árhólmunum og fremst í Ártúnshöfða.

Veronica scutellata L. SKRIÐDEPLA - [N] Fundin á einum stað á Grænugrófarsvæðinu.

Veronica serpyllifolia L. LÆKJADEPLA - [N] Vex á nokkrum stöðum í raklendi.

45. *Lentibulariaceae* BLÖÐRUJURTARÆTT

Pinguicula vulgaris L. LYFJAGRAS - [N] Algeng tegund í flögum og innan um lágvaxinn gróður, einkum þar sem raklent er.

46. *Plantaginaceae* GRÆÐISÚRUÆTT

Plantago maritima L. KATTARTUNGA - [N] Mjög algeng í ýmis konar landi með gisnum gróðri.

47. *Sambucaceae* YLLISÆTT

Sambucus callicarpa Greene, ALASKAYLLIR - [R] Alaskayllir hefur verið gróðursettur bæði austan við Reykjanesbraut og norðan Stekkjarbakka.

48. *Caprifoliaceae* TOPPAÆTT

Lonicera coerulea L. BLÁTOPPUR - [N] Algengur í flestum gróðurlendum.

Lonicera hispida (Step. ex Fisch.) Pall. ex Roem et Schult. KLUKKUTOPPUR - [R] Dálítið hefur verið gróðursett af klukkutoppi í útivistarsvæðum í efri hluta dalsins.

Lonicera involucrata (Richarda.) Banks ex Spreng. GLÓTOPPUR - [R] Nokkrir runnar af glótoppi hafa verið gróðursettir á Eynni, vestan við Selásinn og norðvestan í Breiðholtshvarfi.

Lonicera nigra L. SURTARTOPPUR - [R] Dálítið hefur verið gróðursett af surtartoppi á einum stað sunnan byggðar í Árbæjarhverfi.

49. *Valerianaceae* GARÐABRÚÐUÆTT

Valeriana sambucifolia Mikan fil. HAGABRÚÐA - [A,E] Algeng, ýmist sem eftirlega frá ræktun í gömlum lóðum eða sem slæðingur þar sem garðaúrgangi hefur verið komið fyrir. Stundum hefur hún dreifst um með jarðvinnuvélum þar sem landi hefur verið umbylt en hún finnst einnig allvíða í óröskuðum gróðurlendum þar sem hún virðist hafa sprottið upp af fræi í seinni tíð. Þótt hér sé um innlenda tegund að ræða er ekki vitað hvort hún óx áður fyrr á þessum slóðum og hefur hún þá vafalítið verið horfin úr dalnum fyrir löngu en borist út frá ræktun á seinustu áratugum.

50. *Campanulaceae* BLÁKLUKKUÆTT

Campanula rotundifolia L. BLÁKLUKKA - [A,I,R] Innlend planta með meginútbreiðslu á Austurlandi en hefur verið að stinga upp kollinum víða þar sem birki var gróðursett á árum áður. Á þeim árum voru rætur birkiplantna sem komu frá Hallormsstað vafðar í mosa og mun þá bláklukkufra hafa slæðst með. Bláklukka er fundin í elstu skógarreitunum í Árhólmunum en vestan Dimmu hafa nokkrar plöntur verið gróðursett.

51. *Asteraceae* KÖRFUBLÓMAÆTT

Undirætt *Asteroidae*

Achillea millefolium L. VALLHUMALL - [N.] Upprunaleg tegund í dalnum, mjög algeng í flestum gróðursamfélögum.

Achillea ptarmica L. SILFURHNAPPUR - [Í] Löngu ílend tegund sem vex neðst í Árhólmunum og á bökkum neðan Árbæjarhverfis. Garðafbrigði með fylltum blómum, *f. multiplex* Reyn., er slæðingur norðan við Stekkjarbakka og vestan við Selásinn.

Artemisia vulgaris L. BÚRÓT - [S] Sjaldgæfur slæðingur, fundinn í trjábelti norðan Breiðholtsbrautar.

Centaurea montana L. FJALLAKORNBLÓM - [I,E,S] Tegund sem verið hefur algeng skrautjurt í gördum a.m.k. frá því í byrjun 20. aldar. Hefur oft borist í úthaga með garðaúrgangi og er nú fyllilega ílend. Neðan byggðar í Árbæjarhverfi og Selási eru víða stórar breiður af fjallakornblómi en það finnst einnig sem eftirstöðvar frá ræktun í yfirgefnum lóðum. Norðan við Stekkjarbakka og utan við byggðina á Breiðholtshvarfi finnst fjallakornblóm á nokkrum stöðum sem slæðingur þar sem garðaúrgangur hefur verið urðaður.

Centaurea scabiosa L. FAGURKORNBLÓM - [R] Þessi tegund hefur verið gróðursett í manggert landslag norðan við Stekkjarbakka.

Chamomilla suaveolens (Pursh) Rydb. HLAÐKOLLA - [I] Ílend tegund sem finnst víða í ræktuðu landi og reski.

Cirsium arvense (L.) Scop. ÞISTILL - [I] Ílend tegund í gömlum grassáningum og manngerðu landslagi.

Cirsium helenoides (L.) Hill, PURPURAPISTILL - [I,S] Tegund sem er orðin fyllilega ílend sunnan byggðar í Árbæjarhverfi, vestan við Selás og norðan Stekkjarbakka.

Doronicum orientale Hoffm. HJARTARFÍFILL - [E,S] Vex í yfirgefnum lóðum við Blesugróf og á tveimur stöðum sem slæðingur í garðaúrgangi austan byggðar í Breiðholtshvarfi.

Erigeron borealis (Vierh.) Simmons, JAKOBSFÍFILL - [N] Algengur í flestöllum þurrlandisgróðri, en finnst ekki í mannmótuðu landslagi norðan Stekkjarbakka.

Leucanthemum vulgare Lam. FREYJUBRÁ - [I] Ílend á einum stað í Árbæjarbrekkum.

Matricaria maritima L. BALDURSBRÁ - [N] Vex við árósa og hér og þar í áreyrum, vegköntum og reski annars staðar í dalnum.

Matricaria perforata Mérat, VÖLVUBRÁ - [S] Fræ af völvubrá slæðist oft með í grasfræblöndum. Tegundin er sjaldan langlíf hér á landi. Ein planta fannst í nýlegri grassáningu norðan Stekkjarbakka.

Senecio pseudo-arnica Less. STORMÞULUR - [S] Vex þar sem garðaúrgangi hefur verið komið fyrir utan við byggð í Árbænum og Breiðholtshvarfi.

Senecio vulgaris L. KROSSFÍFILL - [I] Vex víða í ræktuðu landi og reski.

Solidago aff. canadensis L. GULLHRÍS - [E] Í yfirgefnum lóðum vestan við Selás vex ógreind tegund af ættkvíslinni *Solidago*, sem er margbreytileg og vandgreind. Þessari plöntu svipar til *S. canadensis* og náskyldra tegunda en ekki er unnt að greina hana nánar að sinni.

Tanacetum vulgare L. RANNFANG - [I,E,S] Rannfang finnst í nokkrum gömlum lóðum, en hefur einnig borist með jarðvinnslutækjum út í raskað land og er farið að vaxa í breiðum á

nokkrum stöðum. Einnig finnst það á nokkrum stöðum sem slæðingur þar sem garðaúrgangi hefur verið komið fyrir. Í dalnum vex bæði aðaltegundin og afbrigðið *f. crispa* sem er með þétt hrokkin blöð og er víða ræktað í görðum.

Tussilago farfara L. HÓFFÍFILL - [I] Ílend tegund sem er orðin mög algeng í reski einkum þar sem einhver deigja er.

Undirætt *Cichorioideae*

Hieracium sp. UNDAFÍFILL (ógreindar tegundir). - [N] Undafíflar vaxa í flestum gróðurlendum í Elliðaárdal. Bergþór Jóhannesson hefur greint eftir þurrkuðum eintökum þær sjö tegundir sem skráðar eru hér að neðan. Útbreiðsla hvernar fyrir sig er ekki þekkt til fullnustu og í Elliðaárdal vaxa vafalítið fleiri tegundir.

Hieracium aquiliforme (Dahlst.) Dahlst. ARINFÍFILL - [N] Eintök greind sunnan Stekkjarbakka og í Ártúnshöfða.

Hieracium demissum (Stroemf.) Dahlst. SKALLAFÍFILL - [N] Eintök greint úr Árhólmunum.

Hieracium holopleurum Dahlst. RUNNAFÍFILL - [N] Eintök greind norðan og sunnan Árhólmanna.

Hieracium microdon (Dahlst.) Omang. HOLTAFÍFILL - [N] Eintök greind úr Árhólmunum og sunnan Blásteinshólma.

Hieracium pullicalicidum Omang. SKEGGFÍFILL - [N] Eintök greind í Blásteinshólma og norðan Stekkjarbakka.

Hieracium stictophyllum Dahlst. BLETTFÍFILL - [N] Aðeins fundinn fremst í Ártúnshöfða.

Hieracium thaectolepium Dahlst. HLÍÐAFÍFILL - [N] Eintök greind úr Árhólmunum og austan úr Breiðholtshvarfi.

Leontodon autumalis L. SKARIFÍFILL - [N] Mjög algeng tegund í margskonar gróðurlendum.

Pilosella aurantiaca (L.) F. W. Schmidt & Schultz Bip. ROÐAFÍFILL - [I] Ílend tegund sem er orðin algeng einkum í neðri hluta dalsins og er ríkjandi á nokkurra hundruð fermetra svæði norðan Stekkjarbakka.

Pilosella islandica (Lge.) Á. Löve, ÍSLANDSFÍFILL - [N] Algengur í flestum þurrlendisgróðurlendum.

Taraxacum officinale Wiggers, TÚNFÍFILL - [N] Algengur í margskonar gróðurlendum.

Liliatae EINKÍMBLÖÐUNGAR

52. *Juncaginaceae* SAUÐLAUKSÆTT

Triglochin palustris L. MÝRASAUÐLAUKUR - [N] Vex hér og þar á eyrum og í rökum flögum.

53. *Potamogetonaceae* NYKRUÆTT

Potamogeton filiformis Pers. ÞRÁÐNYKRA - [N] Vex í smátjörnum beggja megin árinna neðantil í dalnum og í Blásteinshólma.

Potamogeton gramineus L. GRASNYKRA - [N] Finnst á nokkrum stöðum í smátjörnum.

54. *Liliaceae* LILJUÆTT

Lilium bulbiferum L. ELDLILJA - [S] Hefur slæðst með garðaúrgangi austan við byggð í Breiðholtshvarfi.

55. *Melanthiaceae* SÝKIGRASÆTT

Tofieldia pusilla (Michx) Pers. SÝKIGRAS - [N] Vex hér og þar í heiðum innan um lágvaxinn gróður.

56. *Iridaceae* SVERÐLILJUÆTT

Iris sp. SVERÐLILJA (ógreind tegund) - [S] Óblómgað eintak fundið á einum stað austan við byggðina í Breiðholtshvarfi, þar sem garðaúrgangur hefur verið urðaður.

57. *Juncaceae* SEFÆTT

Juncus alpinoarticulatus Chaix, MÝRASEF - [N] Vex víða við ár- og tjarnarbakka.

Juncus arcticus Willd. *subsp. intermedius* Hyl. HROSSANÁL - [N] Algeng tegund einkum í rökum jarðvegi.

Juncus articulatus L. LAUGASEF - [N] Vex víða við ár- og tjarnarbakka.

Juncus bufonius L. *subsp. bufonius*, LÆKJASEF - [N] Vex á nokkrum stöðum við ár- og tjarnarbakka og í rökum flögum neðan til í dalnum og ofan Vatnsveitubruár.

Juncus bufonius L. *subsp. ranarius* (Nees ex Song. & Perr.) Hiit. LINDASEF - [N] Fundið á tveimur stöðum, á smáeyri við árosana og við litla tjörn norðan Stekkjarbakka.

Juncus trifidus L. MÓASEF - [N] Mjög algengt, einkum í holtum og innan um heiðargróður.

Juncus triglumis L. BLÓMSEF - [N] Mjög algengt, einkum í holtum og innan um heiðargróður.

Luzula multiflora (Retz.) Lej. VALLHÆRA - [N] Mjög algeng tegund í flestum gróðurlendum.

Luzula spicata (L.) DC. AXHÆRA - [N] Algeng tegund, einkum á melum, í holtum og innan um slitróttan heiðargróður.

58. *Poaceae* GRASAÆTT

Agrostis capillaris L. HÁLÍNGRESI - [N] Hálíngresi er mjög algengt og er víða ríkjandi t.d. þar sem frjósemi jarðvegs hefur aukist eftir að birkiskógur hefur vaxið upp.

Agrostis stolonifera L. SKRIÐLÍNGRESI - [N] Skriðlíngresi er mjög algengt, einkum í rökum flögum og við árbakka.

Agrostis vinealis Schreber, TÝTULÍNGRESI - [N] Týtulíngresi kemur fyrir hér og þar, einkum í þurru ófrjóu landi en er hvergi algengt.

Alopecurus geniculatus L. KNJÁLIDAGRAS - [N] Finnst á nokkrum stöðum í raklendi.

Alopecurus pratensis L. HÁLIDAGRAS - [I] Mjög algeng tegund sem er fyllilega ílend. Finnst ýmist sem eftirstöðvar eftir grasfræsáningar eða plöntur sem hafa borist með aðfluttu torfi. Enn fremur er mikið um sjálfsáðar plöntur sem finna má í margs konar gróðurlendi, einkum í frjórri jörð og þar sem raki er nægur.

Anthoxanthum odoratum L. ILMREYR - [N] Innlend tegund, mjög algeng í flestum gróðurlendum.

Arrhenatherum elatius (L.) J. & C. Presl, GINHAFRI - [A,E] Innlend tegund sem er ekki upprunaleg í dalnum. Eitt eintak fannst í a.m.k. 25 ára gamalli grassáningu nærri árbakkanum norðan Stekkjarbakka.

Avenula pubescens (Hudson) Dumort. DÚNHAFRI - [I,E] Ílend tegund fundin á einum stað í Ártúnsbrekkum.

Bromus inermis Leysser, SANDFAX - [I,S] Ílendur á tveimur stöðum í mannmótuðu landi í Ártúnsbrekkum og slæðingur í garðaúrgangshaugum vestan við byggðina í Selásnum.

Calamagrostis stricta (Timm) Koeler, HÁLMGRESI - [N] Algeng tegund við árbakka, í mýrum og í raklendi.

Catabrosa aquatica (L.) Beauv. VATNSNARFAGRAS - [N] Aðeins fundin á einum stað neðan við Búrfoss.

Dactylis glomerata L. AXHNOÐAPUNTUR - [I] Tegund sem var áður fyrir sáð í grasfræblöndum en er nú löngu ílend. Algeng neðantil í dalnum en sjaldgæf ofantil.

Deschampsia alpina (L.) Roemer & Schulte, FJALLAPUNTUR - [N] Sjaldgæf tegund í Elliðaárdal en kemur fyrir á eyrum og klettum við árfarveginn í efri hluta dalsins og efst í Blásteinshólma.

Deschampsia beringensis Hultén, BERINGSPUNTUR - [R] Hefur verið sáð með grasfræi á einum stað norðan Stekkjarbakka.

Deschampsia caespitosa (L.) Beauv. SNARRÓT - [N] Mjög algeng tegund einkum þar sem gróðurlendi hefur verið raskað.

Deschampsia flexuosa (L.) Trin. BUGÐUPUNTUR - [N] Ekki óalgengur í heiðargróðri í Breiðholtshvarfi og vestan við Selás en ófundinn neðar í dalnum.

Elymus repens (L.) Gould, HÚSAPUNTUR - [N] Algengur einkum í gömlum lóðum og röskuðu landi.

Festuca rubra L. *subsp. arctica* (Hackel) Govoruchin, TÚNVINGULL - [N] Algengur í flestum gróðurhverfum.

Festuca rubra L. *subsp. pruinosa* (Hackel) Piper, SANDVINGULL - [N] Útbreiðsla þessarar deilitegundar er lítt rannsökuð hér á landi. Eintak fundið neðarlega í Ártúnsbrekkum.

Festuca rubra L. *subsp. rubra* RAUÐVINGULL - [I,R,E] Ein algengasta grastegundin í fræblöndum og verður að öllum líkindum að teljast ílend. Finnst víðast hvar í Elliðaárdal þar sem grasfræi hefur verið sáð eða hefur borist í aðfluttum túnþökum sem víða hafa verið lagðar meðfram göngustígum. Ófundin í Blásteinshólma.

Festuca vivipara (L.) Sm. BLÁVINGULL - [N] Algeng tegund í flestum gróðurhverfum.

Hierochloe odorata (L.) Beauv. REYRGRESI - [N] Vex á dálitlu svæði norðan við Vatnsveituveg nokkru austan við Höfðabakka.

Leymus arenarius (L.) Hochst. MELGRESI - [N] Melgresi hefur að öllum líkindum ekki vaxið í Elliðaárdal meða - eingöngu var stundaður þar hefðbundinn búskapur og ekki hafði verið hróflað við landi að ráði vegna mannvirkjagerðar. Á öldinni sem leið hefur það víða sest að í mannmótuðu landi svo sem í Ártúnsbekkum, norðan Stekkjarbakka og Breiðholtsbrautar einnig víða í vegköntum og annars konar reski.

Lolium multiflorum Lam. ÍTALSKT RÝGRESI - [R] Fundið á tveimur stöðum norðan við Stekkjarbakka. Annars vegar þar sem grasfræi var sáð fyrir u.þ.b. 10 árum og hins vegar í nýlegri sáningu.

Nardus stricta L. FINNUNGUR - [N] Aðeins fundinn á einum stað í brekkunum milli félagsheimilis Orkuveitunnar og Höfðabakka.

Phalaris arundinacea L. *f. picta* RANDAGRAS - [E,S] Finnst á nokkrum stöðum í gömlum lóðum og sem slæðingur þar sem garðaúrgangi hefur verið komið fyrir.

Phleum pratense L. VALLARFOXGRAS - [I] Vallarfoxgras er með algengustu grösum sem sáð er í grasflatir og hefur einnig borist í dalinn með túnþökum sem lagðar hafa verið meðfram göngustígum. Það er löngu ílent og hefur víða sáð sér út í óröskuð gróðurlendi.

Poa alpina L. FJALLASVEIFGRAS - [N] Fundið á tveimur stöðum austarlega á svæðinu fyrir norðan Stekkjarbakka. Ekki verður um það dæmt hvort það er upprunalegt á staðnum eða hvort fræ hafa borist með fyllingarefni.

Poa annua L. VARPASVEIFGRAS - [N] Vex hér og þar, einkum í reski.

Poa glauca Vahl, BLÁSVEIFGRAS - [N] Blásveifgras og eftirfarandi tegund, kjarrsveifgras, eru safntegundir (aggregate species) innan deildarinnar *Stenopoa*, en plöntur í þeirri deild mynda fræ bæði með kyn- og kynlausri æxlun (agamospermy). Innan deildarinnar eru plöntur með mismunandi litningafjölda og hafa hér á landi fundist plöntur með fimm mismunandi fjölda litninga. Mynda þær aragrúa af klónum margbreytilega í útliti⁷. Plöntur í þessari deild, sem vaxa hér á landi, má flokka í safntegundirnar blásveifgras og kjarrsveifgras en einnig koma fyrir plöntur sem eru millistig og ógjörningur að skipa í aðra hvora safntegundina. Blásveifgras er mjög algeng tegund á melum, heiðum og í röskuðu landi.

Poa nemoralis L. KJARRSVEIFGRAS - [N] Mjög algengt, einkum í neðri hluta dalsins. Vex helst í hraun sprungum og gjótum við árbakkana.

Poa pratensis L. *subsp. irrigata* (Lindman) Lindb. fil. MÓASVEIFGRAS - [N] Nokkuð algengt einkum í sendum jarðvegi með gisnum gróðri.

